

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 48/2000

frá 31. maí 2000

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2000 frá 19. maí 2000⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB fellir úr gildi, frá 8. apríl 2000, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/13/EB frá 12. febrúar 1998 um endabúnað til fjarskipta og búnað fyrir gervihnattajarðstöðvar og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra⁽³⁾, sem er hluti af EES-samningnum og þar af leiðandi kemur tilskipun 1999/5/EB í hennar stað.
- 4) Í kjölfar aðildar Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar að Evrópusambandinu verður að breyta aðlögunarliðnum við tilskipun ráðsins 73/23/EBE frá 19. febrúar 1973 um samhæfingu laga aðildarríkjanna um rafföng sem notuð eru innan ákveðinna spennumarka.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 174, 13.7.2000, bls. 53 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 32, 13.7.2000, bls. 2.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 91, 7.4.1999, bls. 10.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 74, 12.3.1998, bls. 1.

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað textans í lið 4zg (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/13/EB) í XVIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„ **399 L 0005:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra (Stjtið. EB L 91, 7.4.1999, bls. 10).“

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. lið (tilskipun ráðsins 73/23/EBE) í X. kafla II. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„ - **399 L 0005:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 (Stjtið. EB L 91, 7.4.1999, bls. 10).“

2. Í aðlögunarliðnum falli orðin „Finland“ og „og Svíþjóð“ niður.

3. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 6. lið (tilskipun ráðsins 89/336/EBE) í X. kafla II. viðauka við samninginn:

„ - **399 L 0005:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 (Stjtið. EB L 91, 7.4.1999, bls. 10).“

4. gr.

Texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

5. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 1. júní 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

(*) Engin stjórnsýsluleg skilyrði tilgreind.

6. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 31. maí 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner